Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)

1. Vöruheiti vöru - notkun - innflytjandi/framleiðandi

Vöruheiti:	**Comma Xstream G48 Frostlögur**
Vörunúmer:	**115 XSG5L** **115 XSG1L**
Notkunarsvið:	Frostlögur
Framleiðandi:	**Comma Oil & Chemicals Ltd.** **Gravesend, Kent, Bretlandi**
Söluaðili:	**N1** Dalvegur 10-14 201 Kópavogur
Sími:	440 1000
Netfang:	n1@n1.is
Veffang:	www.n1.is

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222.
Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

Áhrif á fólk: Efnið telst varasamt fólki, skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.
Ertir augu og húð.
Hættulegt við inntöku.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Áhrif á umhverfi: Efnið telst hættulaust umhverfinu, skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Sjá einnig 12. lið.

3. Samsetning - upplýsingar um innihaldsefni

Innihaldsefni:	EB-nr.	CAS-nr.	Styrkur %	H.-setn. nr.	Hættuflokkun
1,2 Etandiol	203-473-3	107-21-1	>60%	H22	Xn
Natrium-2-Etylhexanoat	243-283-8	19766-89-3	1-5%	H63	Xn
Dinatriumtetraboratpentahydrat	215-540-4	12179-04-3	<1%	H41,H60,H61	Xi,T

Hættuleg innihaldsefni til staðar við, eða yfir tilkynningarskyldumörk.
Þessi vara inniheldur 1 efni af efnalista skv. grein 59 (1,10) í reglugerð EB 1907/2006 (REACH) í styrk yfir 0,1% w/w; dinatriumtetraboratpentahydrat (borax pentahydrat).

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.
Sjá flokkun efnisins í 2. og 15. lið, og H- og V- setningar í 15. lið.

4. Skyndihjálp

Almennt: Öryggisblað skal ávallt vera tiltækt á vinnustað. Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf.
Ef grunur um heilsutjón vaknar skal strax leita til læknis. Sýnið öryggisblaðið.
Sé sá slasaði meðvitundarlaus, leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax læknis.
Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Athugið að hættulegt getur verið að nota blástursaðferð ef efnið er eitrað, hættulegt við inntöku . eða ætandi

Inntaka: Gefið hinum slasaða nægt vatn að drekka. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Leitið strax læknis. Framkallið **ekki** uppköst.
Getur valdið særindum í munni og hálsi, auk erfiðleika við að kyngja, ógleði og verkja í kviðarholi.

Innöndun: Tryggið ferskt loft. Veitið öndunaraðstoð, andi sá slasaði óreglulega eða alls ekki.
Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Leitið strax læknis.
Ísog gegnum lungu getur valdið svipuðum einkennum og inntaka.

Snerting við húð: Getur valdið vægri ertingu.
Þvoið strax með sápu og miklu vatni í a.m.k. 15 mín. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.

Snerting við augu: Getur valdið roða og ertingu.
Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15. mín. og haldið augum vel opnum. Leitið augnlæknis.
Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun.

5. Bruni - slökkviaðgerðir

Almenn viðbrögð: Fjarlægið umbúðir af eldstað ef mögulegt er, kælið annars með vatnsúða
Gætið þess að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.
Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

Slökkvibúnaður: Vatnsúði, slökkviduft, alkóhólþolin froða, eða koldíoxíð.

Sérstakar hættur: Myndar eitraðar gufur við bruna.

Sérstakur hlífðarbúnaður: Notkun fer eftir umfangi eldsvoðans. Mælt er með notkun á hlífðarbúnaði til að hindra snertingu við augu og húð. Öndunarbúnaður getur reynst nauðsynlegur.

6. Efnaleki

Öryggisráðstafanir: Notið viðeigandi persónuhlífar, sbr. 8.lið.
Tryggið góða loftræstingu. Notið ísogsefni.

Ráðstafanir v. umhverfis: Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

Hreinsunaraðferðir: Notið óbrennanleg ísogsefni t.d. sand, mold eða kísilgúr til að hreinsa efnið upp.
Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

7. Meðhöndlun og geymsla

Meðhöndlun: Fylgið almennum ráðstöfunum og takmörkunum sem tíðkast við meðhöndlun efna. Tryggið góða loftræstingu. Notið viðeigandi persónuhlífar.
Forðist innöndun gufu, úða eða ryks. Forðist snertingu við húð og augu. Neytið ekki fæðu, né reykið á stöðum þar sem efnið er notað eða geymt. Notið viðeigandi persónuhlífar skv. grein 8.

Geymsla: Geymið í vel luktum umbúðum við herbergishita á þurrum, vel loftræstum stað.
Geymist þar sem börn ná ekki til. Æskilegt geymsluhitastig 5-25° C.

8. Takmörkun váhrifa - persónuhlífar

Hættuleg innihaldsefni: 1,2 Etandiol (etylenglykol)

8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3
	52		104

Almennar ráðstafanir: Tryggið fullnægjandi loftræstingu með útsogi á staðnum.

Persónuhlífar:
Öndunarfæri: Öndunargrímur/öndunarbúnaður er ekki nauðsynlegur
Hendur: Notið hanska við endurtekna notkun. Efni: bútýlgúmmí eða nítríl. Skiptið oft um hanska.
Augu: Notið öryggisgleraugu.

Umhverfi: Neytið einskis meðan á notkun efnisins stendur. Hreinsið húð svo fljótt sem auðið er.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Eðlisástand: Grænblár vökvi
Lykt: engin

Sýrustig (pH): -
Suðumark: 170°C
Blossamark: >120°C
Sjálftendrun:: -
Lægri kveikimörk (í lofti): -
Hærri kveikimörk (í lofti): -
Gufuþrýstingur:
Eðlismassi: 1,12
Eðlismassi gufu (loft=1): -
Leysni:
Vatnsleysni: Leysanlegt
Deilistuðull n-oktanól/vatn:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

Stöðugleiki:	Stöðugt við venjulegar aðstæður.
Aðstæður sem ber að varast:	Forðist háan hita, opinn eld og aðra íkveikjuvalda.
Efni sem ber að varast:	Sterk oxunarefni, sýrur, basar.
Hættuleg niðurbrotsefni:	Við eldsvoða geta myndast eiturefni við bruna og niðurbrot.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

Efnið telst varasamt fólki skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Innöndun:	Innöndun gufu getur valdið höfuðverk, sljóleika, svima og ógleði. Getur valdið hjartsláttartruflunum. Innöndun gufu í miklu magni getur skaðað miðtaugakerfi og öndunarfæri.
Snerting við húð:	Viðvarandi eða endurtekin snerting getur valdið ertingu og þurri eða sprunginni húð.
Snerting við augu:	Ertir augu. Getur valdið sviða.
Bráð eituráhrif:	**LD50 Inntaka, rotta: 4,7 g/kg**

12. Vistfræðilegar upplýsingar

Visteiturhrif:	Efnið má ekki berast í niðurföll, jarðvatn eða jarðveg.
Hreyfanleiki/dreifing:	Efnið leysist í vatni. Ísogast auðveldlega í jarðveg.
Þrávirkni og niðurbrot:	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Hugsanleg uppsöfnun í lífverum:	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Önnur skaðleg áhrif:	-
Annað:	-

13. Förgun

Vara:	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku.
Umbúðir:	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og efnið sjálft.
	Reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, flokkast efnið og leifar þess sem : 14 06 03 (aðrir leysar og leysablöndur)

14. Flutningar

	UN (SÞ)- nr.	Flokkur	Efnisheiti	Pökkunarflokkur	Varúðarmerking	Sjávar- mengandi?
Sjóflutningar: IMDG	Ekki flokkað					
Flugfrakt: ICAO/IATA	Ekki flokkað					
Vegaflutn.: ADR-reglur	Ekki flokkað					

15. Lög, reglugerðir og merkingar

Varnaðarmerkingar eru samkvæmt reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og upplýsingum frá framleiðanda.
Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir. (REACH).

Varnaðarmerki: Xn



Hættusetningar:	H22	Hættulegt við inntöku
Varnaðarsetningar:	V2	Geymist þar sem börn ná ekki til
	V46	Leitið umsvifalaust lækninseftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.
Hættuleg innihaldsefni:		**1,2 Etandiol**

16. Aðrar upplýsingar

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði:

H22	Hættulegt við inntöku
H63	Getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði.
H41	Hætta á alvarlegum augnskaða
H60	Getur dregið úr frjósemi
H61	Getur skaðað barn í móðurkviði.

Varnaðarmerki innihaldsefna:

Xn	Hættulegt heilsu
T	Eitur

Útgáfa: 1.
Dags: 07.01.2011

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***COMMA OIL & CHEMICALS LTD:*** *SAFETY DATA SHEET XSTREAM G48*
Útgáfa: *Útgáfa 12. 21.10.2010*
Kemur í stað: